

Gátlisti fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar

Félagsfærni – Sjálfefling – Læsi - Sköpun – Heilbrigði



FRÍSTUNDASTARF

Þessi gátlisti er verkfæri fyrir starfsfólk SFS til að meta að hvaða grundvallarþáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar er nú þegar unnið að í skólanum/frístundastarfinu og hvaða þætti þarf að innleiða á næstu árum. Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og nógildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.

Hagsmunaaðilar úr skóla- og frístundastarfi borgarinnar komu að því að móta vísbendingar um gæðastarf út frá grundvallarþáttum menntastefnunnar. Gátlistinn er unnin upp úr umræðupunktum sem safnað var saman á fundum og í rýnihópum með börnum/unglingum, starfsfólki og foreldrum í víðtæku samráði við mótun stefnunnar. Gæðaviðmið innra og ytra mats í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi voru höfð til hliðsjónar við gerð gátlistans.

Gátlistinn er fyrst og fremst ætlaður til stuðnings á vettvangi skóla- og frístundastarfsins. Starfsstaðir geta nýtt gátlistann á þann hátt sem þeir vilja en lagt er til að starfsfólk noti hann til umræðu og mats á hvernig staðan er og hvert skuli stefna í innleiðingu menntastefnunnar. Vísbendingar eru leiðbeinandi fyrir starfsstaðina til að efla tiltekinn þátt í áherslum menntastefnunnar, en skólinn/frístundastarfið velur hvort allar vísbendingar gátlistans séu undir. Gátlistann er hægt að nota sem innra mats tæki starfsstaða.

Með því að meta starfið í upphafi innleiðingar menntastefnunnar eru starfsstaðir með mikilvæg gögn til að byggja á í innleiðingu hennar næstu árin, skoða stöðuna í upphafi og meta framfarir.

Matskvarði:

Matskvarðinn byggir á fimm punkta kvarða, þar sem starfsfólk metur hverja vísbendingu út frá viðmiðum sem menntastefnan byggir á. Vísbendingunum fylgir kvarði sem segir til um að hve miklu leyti skólinn/frístundastarfið uppfyllir þá lýsingu sem sett er fram. Kvarðinn er eftirfarandi:

KVARÐI	
5	Að fullu komið til framkvæmdar
4	Að miklu leyti komið til framkvæmda
3	Að hluta til komið til framkvæmda
2	Að litlu leyti komið til framkvæmda
1	Ekki komið til framkvæmda



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

Félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni



Viðmið fyrir félagsfærni:

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

- 5 Að fullu komið til framkvæmdar
- 4 Að miklu leyti komið til framkvæmda
- 3 Að hluta komið til framkvæmda
- 2 Að litlu leyti komið til framkvæmda
- 1 Ekki komið til framkvæmda

Vísendingar sem benda til þess að unnið er að félagsfærni í frístundaheimili/félagsmiðstöð:	5	4	3	2	1	Skýring/Rök
Stefna frístundaheimila/félagsmiðstöðva:						
1. Í aðgerðaráætlun er sagt frá hvernig unnið er markvisst með félagsfærni.						
2. Í aðgerðaráætlun koma fram upplýsingar um hvernig virkt samstarf er við önnur frístundaheimili/aðrar félagsmiðstöðvar, grunnskóla, leikskóla og þjónustumiðstöð.						
3. Skipulagt og skráð verklag er um hvernig börn/unglingar koma að ákvarðanatöku í starfinu.						
4. Í stefnu starfsstaðarins er áhersla á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla félagsfærni barna/unglinga.						
Viðmið um gæðastarf:						
5. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að fá fram sjónarmið barna/unglinga.						

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST




MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

6. Börn/unglingar eru virkir þátttakendur í að móta viðfangsefni og val.						
7. Skýr dæmi eru um að sjónarmið barna/unglinga hafi áhrif á viðfangsefni þeirra, aðbúnað og aðstæður.						
8. Lýðræðislega er valið í barna-/unglingaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.						
9. Barna-/unglingaráð er starfandi.						
10. Í starfinu er boðið upp á fjölbreytt hópastarf/klúbbastarf.						
11. Öll börn/unglingar fá tækifæri til að vera leiðtogar og stjórna t.d. viðburðum og leikjum.						
12. Markvisst er unnið með félagsfærni s.s. félagsfærniléikir, samvinnuverkefni, hópefli eða vináttuþjálfun.						
13. Starfsfólk hvetur til gagnrýnnar hugsunar barna/unglinga.						
14. Börn/unglingar þjálfist í að tjá skoðanir sínar og að hlusta á skoðanir annara og virða þær.						
15. Börn/unglingar þekkja réttindi sín út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.						
16. Börn/unglingar eru hvattir til að hrósa hvert öðru á uppbyggjandi hátt.						
17. Í starfinu er unnið markvisst að því að efla samfélagslega virkni barna/unglinga s.s. með þátttöku í frístunda-, góðgerðar-, félags-, menningar- og íþróttastarfi.						
18. Verkefni sem miða að því að tengjast nærsamfélagi og nærumhverfi eru hluti af starfinu.						
19. Börn/unglingar eru markvisst þjálfaðir í samskiptum, samvinnu og samkennd.						
20. Starfsfólk sér til þess að börn/unglingar fá tækifæri til að leysa úr ágreiningsmálum.						
21. Börn/unglingar taka ábyrgð á einstaka verkefnum í frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni, s.s. að skipuleggja og framkvæma viðburði.						
22. Unnið er með leiki/verkefni þar sem höfðað er til ábyrgðar og virkni allra barna/unglingar.						



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

23. Starfsfólk styður við og eflir jákvæð samskipti barna/unglinga.						
24. Samskiptareglur frístundaheimilisins/félagsmiðstöðvarinnar eru skýrar og börn/unglingar taka virkan þátt í að móta þær.						
25. Starfið er sniðið að margbreytileika hópsins.						
Viðbótarvísendingar frá frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni.						
26.						
27.						
28.						
29.						
30.						
31.						
Samtals fjöldi stiga / deilt í fjölda vísendinga:						



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

Sjálfsþing: Sterk sjálfsmýnd og trú á eigin getu.



Viðmið fyrir sjálfsþingu:

Sjálfsþing felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsþing byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmýnd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

- 5 Að fullu komið til framkvæmdar
- 4 Að miklu leyti komið til framkvæmda
- 3 Að hluta komið til framkvæmda
- 2 Að litlu leyti komið til framkvæmda
- 1 Ekki komið til framkvæmda

Vísbendingar sem benda til þess að unnið er að sjálfsþingu í frístundaheimili/félagsmiðstöð.	5	4	3	2	1	Skýring/Rök
Stefna frístundaheimila/félagsmiðstöðva:						
1. Í aðgerðaráætlun er sagt frá því hvernig unnið er markvisst með sjálfsþingu barna/unglinga.						
2. Í aðgerðaráætlun kemur fram hvernig unnið sé með einstaklingum og styrkleika þeirra.						
3. Í stefnu starfsstaðarins er áhersla á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla sjálfsþingu barna/unglinga.						
Viðmið um gæðastarf:						
4. Börnum/unglingum er hjálpað að finna styrkleika sína og vinna með þá.						
5. Börn/unglingar eru hvött til og þjálfast í að setja orð á tilfinningar sínar í daglegu starfi.						
6. Börn/unglingar fá tækifæri til að koma fram, tjá sig og koma verkefnum sínum á framfæri s.s. í gegnum dans, söng, frásagnir, stjórnun viðburða, myndir, upptökur.						

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST




MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

7. Börn/unglingar eru hvattir til að hafa áhrif á málefni sem tengjast frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni.						
8. Börn/unglingar fá stuðning við að koma eigin hugmyndum í framkvæmd.						
9. Börnum/unglingum er falin ábyrgð á verkefnum.						
10. Sjálfspróttum leik og athöfnum barna/unglinga er gefið nægilegt rými.						
11. Markvisst er unnið að jákvæðri styrkingu og hvatningu í starfinu.						
12. Börn/unglingar eru hvött til mynda sér eigin skoðanir og tileinka sér gagnrýna hugsun.						
13. Starfsfólk leggur sig fram við að taka vel á móti, kynnst börnum/unglingum og sýna þeim áhuga.						
14. Starfsfólk hrósar og vekur athygli á því sem börn/unglingar gera vel.						
15. Starfsfólk er til staðar fyrir börnin/unglingana og myndar tengsl við þau.						
16. Hvert barn/unglingur fær þann stuðning sem það þarf í frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni.						
17. Val barna/unglinga er fjölbreytt og höfðar til mismunandi áhugasviða.						
Viðbótarvísendingar frá frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni.						
18.						
19.						
20.						
21.						
22.						
Samtals fjöldi stiga / deilt í fjölda vísendinga:						



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

Læsi: Skilningur á samfélagi og umhverfi




Viðmið fyrir læsi:

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákni. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

- 5 Að fullu komið til framkvæmdar
- 4 Að miklu leyti komið til framkvæmda
- 3 Að hluta komið til framkvæmda
- 2 Að litlu leyti komið til framkvæmda
- 1 Ekki komið til framkvæmda

Vísendingar sem benda til þess að unnið er að læsi í frístundaheimili/félagsmiðstöð:	5	4	3	2	1	Skýring/Rök
Stefna frístundaheimila/félagsmiðstöðva:						
1. Í aðgerðaráætlun er sagt frá því hvernig unnið er markvisst með læsi.						
2. Í stefnu starfsstaðarins er áhersla á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla læsi barna/unglinga.						
Viðmið um gæðastarf:						
3. Myndrænt skipulag/dagskrá og leiðbeiningar eru sýnilegar.						
4. Bækur eru aðgengilegar fyrir börn/unglinga í notalegu umhverfi.						
5. Lesið fyrir börn og unglunga í frístund.						
6. Fjölbreyttar leiðir eru nýttar til að efla læsi, t.d. lestur, hljóðbækur, sögugerð, spil.						



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

7. Lögð er áhersla á að börn/unglingar segi og semji sögur, ljóð og leikrit.						
8. Lögð er áhersla á stafræna borgaravitund.						
9. Börn/unglingar fá tækifæri til að kynnast menningarviðburðum í starfinu t.d. safnaheimsóknir og vettvangsferðir.						
10. Umræður um málefni líðandi stundar, viðburðir, fréttir o.fl. eru hluti af starfinu.						
11. Markvisst samtal er daglega við öll börn og unglina, t.d. <i>Gefðu tíu</i> .						
12. Börn/unglingar fá tækifæri til að vinna með tækni og/eða vísindi.						
13. Börnum/unglingum er boðið upp á verkefni sem miða að því að þau læri á sitt nánasta umhverfi.						
14. Leitast er við að efla vitund barna/unglinga um sjálfbærni og virðingu fyrir umhverfi og náttúru, s.s. með flokkun á rusli, hreinsun á umhverfi og þátttöku í samfélagsverkefnum.						
15. Unnið er með margbreytileika og menningarlæsi.						
Viðbótarvísbendingar frá frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni.						
16.						
17.						
18.						
19.						
20.						
21.						
Samtals fjöldi stiga / deilt í fjölda vísbendinga:						



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

Sköpun: Skapandi hugsun 

Viðmið fyrir sköpun:

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálf, næsta umhverfi og/eða samfélagið.

- 5 Að fullu komið til framkvæmdar
- 4 Að miklu leyti komið til framkvæmda
- 3 Að hluta komið til framkvæmda
- 2 Að litlu leyti komið til framkvæmda
- 1 Ekki komið til framkvæmda

Vísbendingar sem benda til þess að unnið er að sköpun í frístundaheimili/félagsmiðstöð:	5	4	3	2	1	Skýring/ Rök
Stefna frístundaheimila/félagsmiðstöðva:						
1. Í aðgerðaráætlun er sagt frá því hvernig unnið er markvisst að því að efla sköpun í starfi með börnum og unglingum.						
2. Í aðgerðaráætlun kemur fram hvernig börn og unglingar eru þátttakendur í að móta menningu frístundaheimilisins/félagsmiðstöðvarinnar.						
3. Í aðgerðaráætlun kemur fram hvernig börn og unglingar eru virkir þátttakendur og njótendur listsköpunar og barnamenningar.						
4. Í stefnu starfsstaðarins er áhersla á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla sköpun barna/unglinga.						
Viðmið um gæðastarf:						
5. Börn/unglingar hafa val um að vinna verkefni eftir fjölbreyttum leiðum.						
6. Boðið er upp á viðfangsefni sem stuðla að sköpun og skapandi hugsun.						



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

7. Í skipulagi frístundaheimilisins/félagsmiðstöðvarinnar er nægur tími fyrir fjölbreytta sköpunarvinnu.						
8. Umhverfi starfsstaðarins, innan dyra og utan, er fjölbreytt og hvetur til sköpunar.						
9. Gott aðgengi er að fjölbreyttum efnivið.						
10. Verk barna og unglunga eru sýnileg í frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni og eru hluti af menningu frístundaheimilisins/félagsmiðstöðvarinnar.						
11. Efniviður til skapandi viðfangsefna er til staðar s.s hljóðfæri, búningar, leikmunir, efniviður til myndsköpunar, tækni.						
12. Fjölbreytni er í skapandi viðfangsefnum og þeim gert jafnt hátt undir höfði s.s. leiklist, dans, myndlist og tónlist, tæknivinna, nýsköpun.						
13. Börn/unglingar eru hvattir til að leita nýrra leiða og finna eigin lausnir.						
14. Börn/unglingar fá tækifæri til að tjá sig á skapandi hátt og kynna verkefni sín.						
15. Starfsstaður tekur þátt í listviðburðum t.d. Barnamenningarhátíð, Stíll, Skrekk og Söngkeppni Samfés og önnur tækifæri sem bjóðast.						
16. Börn/unglingar fara í vettvangsferðir, á listasöfn og menningarviðburði.						
17. Börn og unglungar fá að vinna með eigin áhugasvið og að framkvæma eigin hugmyndir og hafa áhrif.						
18. Náttúrulegt umhverfi, söfn og menningarstofnanir eru nýtt sem uppspretta fróðleiks, hugmynda og innblásturs.						
19. Listsköpun barna/unglinga er gert hátt undir höfði og er sýnileg í starfinu.						
20. Tækni er nýtt til sköpunar.						
21. Starfsfólk hlustar eftir hugmyndum barna og unglunga og styður þau í þekkingarleit sinni.						
22. Starfsfólk notar opnar spurningar í samtali við börn og unglunga.						
Viðbótarvísendingar frá frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni.						



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

23.						
24.						
25.						
26.						
27.						
28.						
29.						
30.						
Samtals fjöldi stiga / deilt í fjölda vísbendinga:						

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

Heilbrigði: Heilbrigður lífsstíll og vellíðan.



Viðmið um heilbrigði:

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.

- 5 Að fullu komið til framkvæmdar
- 4 Að miklu leyti komið til framkvæmda
- 3 Að hluta komið til framkvæmda
- 2 Að litlu leyti komið til framkvæmda
- 1 Ekki komið til framkvæmda

Vísbendingar sem benda til þess að unnið er að heilbrigði í frístundaheimili/félagsmiðstöð.	5	4	3	2	1	Skýring/Rök
Stefna frístundaheimila/félagsmiðstöðva:						
1. Í aðgerðaráætlun er sagt frá því hvernig unnið er markvisst að því að efla heilbrigði.						
2. Í aðgerðaráætlun kemur fram að börn/unglingar fá markvissa forvarnarfræðslu.						
3. Í stefnu starfsstaðarins er áhersla á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla heilbrigði barna/unglinga.						
Viðmið um gæðastarf:						
4. Almenn umræða er um heilbrigði og hollustu í daglegum athöfnum í starfi frístundaheimilisins/félagsmiðstöðinni.						
5. Unnið er að því að skapa umræður um heilbrigði, t.d. vellíðan, margbreytileika, svefn og hollan mat.						
6. Virðing er fyrir margbreytileika mannlífsins.						

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

7. Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist.						
8. Aðgengi er að útisvæði sem hvetur til hreyfingar.						
9. Aðgengi er að rými innanhúss sem hvetur til hreyfingar.						
10. Aðgengi er að rými til að vera í ró og næði.						
11. Upplýsingar um holla lífshætti eru sýnilegir í frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni.						
12. Húsnæði tekur mið af áherslum frístundastarfs og ólíkum þörfum barna/unglinga og starfsmanna.						
13. Fæði sem boðið er upp á er fjölbreytt og hollt í samræmi við mannelismarkmið og leiðbeiningar um síðdegishressingu á frístundaheimilum ¹ .						
14. Aðgengi að vatni er gott.						
15. Markvisst er unnið að því að efla hreyfingu og útiveru barna/unglinga.						
16. Skapaður er vettvangur þar sem börn/unglingar geta tjáð tilfinningar sínar og andlega líðan.						
17. Skapaður er vettvangur þar sem börn/unglingar fá tækifæri til að tala saman um áhugamál sín.						
18. Börnum/unglingum er boðið upp á slökun/núvitund/hugleiðslu.						
19. Lögð er áhersla á kynheilbrigði.						
20. Andleg, félagsleg og líkamleg vellíðan barna/unglinga er í fyrirrúmi.						
21. Stutt er við verndandi þætti í umhverfi barna/unglinga í samstarfi við foreldra s.s. hvetja til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi, virða útivistatíma, hvetja til samstarfs milli foreldra, samveru foreldra og barna/unglinga, foreldrarölt.						
22. Virðing og vinátta einkennir staðarbrag frístundaheimilisis/félagsmiðstöðvarinnar.						
23. Starfsfólk notar samræmd vinnubrögð í samskiptum við börn/unglinga.						

¹ https://reykjavik.is/sites/default/files/skiol_thjonustulyingar/siddegishressing_a_fristundaheimilum_loka.pdf



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

24. Starfsfólk eflir hvern einstakling til að sýna jákvæða og ábyrga hegðun, virða mörk annarra og fara eftir fyrirmælum.						
25. Starfsfólk eru fyrirmyndir og tileinkar sér jákvæð samskipti og skapar gott andrúmsloft.						
Viðbótarvísendingar frá frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni.						
26.						
27.						
28.						
29.						
Samtals fjöldi stiga / deilt í fjölda vísendinga:						



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030 – FRÍSTUNDASTARF

Dæmi um hvernig vísbendingar skóla geta sýnt hvar þeir eru staddir í þeim þáttum sem menntastefnan leggur áherslu á:



MATSKVAÐI			Fjöldi	%
4,1- 5,0	5	Að fullu komið til framkvæmdar		
3,1- 4,0	4	Að miklu leyti komið til framkvæmda		
2,1 - 3,0	3	Að hluta komið til framkvæmda		
1,1 - 2,0	2	Að litlu leyti komið til framkvæmda		
0 - 1,0	1	Ekki komið til framkvæmda		

Litirnir í vísbendingunum sýna meðaltalsútkomu í hverjum þætti

